

## REGLUGERÐ

### um dýragarða og sýningar á dýrum.

#### 1. gr.

Hver sá aðili, sem hefur í hyggju að setja á stofn dýragarð eða efna til sýningar á dýrum, hverrar tegundar sem er, skal sækja skriflega um heimild til slíkrar starfsemi til lögreglustjóra þar á vettvangi, sem sýning á að fara fram.

Óheimilt er að setja á stofn dýragarða eða að hefja dýrasýningar, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Skytt er lögreglustjóra að leita umsagnar menntamálaráðuneytisins, áður en slíkt leyfi er veitt.

#### 2. gr.

Umsókn um heimild til dýrasýninga eða stofnun dýragarða skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um, hvar sýningu verður valinn staður, hvernig byggingar séu úr garði gerðar, sem og búr, réttir, girðingar, gryfjur o. s. frv.

Þá skal fylgja umsókninni afstöðu- og yfirlitsteikning, sem sýni fyrirhuguð mannvirki, og nánari lýsing á tilhögun þeirra. Enn fremur skal fylgja greinargerð um, hvaða dýr sé fyrirhugað að sýna, í hve langan tíma o. s. frv.

#### 3. gr.

Byggingar, girðingar, búr o. s. frv. skulu þannig gerð, að vel fari árið um kring um þau dýr, sem þar er ætlað rúm. Þess skal gætt, að dýrin séu sem frjálsust og geti borið sig um óþvinguð.

Nú telur lögreglustjóri að fengnu mati dýraverndarnefndar, að byggingar og húnaður allur verði þannig, að vel fari um sýningardýr og að unnt sé að veita þeim viðhlítandi umönnun og er þá heimilt að veita umsækjanda leyfi til að reka dýragarð eða halda sýningu á dýrum.

Leyfi til reksturs dýragarðs skal veita til ákveðins tíma og eigi lengur en til 3 ára í senn, og skal að þeim tíma liðnum senda nýja umsókn til lögreglustjóra.

#### 4. gr.

Þeir sem heimild fá til að starfrækja dýragarð, skulu hafa í þjónustu sinni starfsmenn, sem hafa reynslu og þekkingu á fóðrun, gæzlu og umönnun villtra dýra.

Skulu þeir hafa unnið við slík störf í hálf tveim árum að minnsta kosti og skal viðkomandi leggja fram skilríki því til staðfestingar.

#### 5. gr.

Öllum dýrum skal sýnd fyllsta nærgætni. Þeim skal ávallt séð fyrir nægu fóðri við þeirra hæfi og vatni að vild.

Þess skal gætt, að húsum, búrum, gryfjum og gerðum sé ávallt vel við haldið og dvalarstaðir dýranna að staðaldri vel þrífir, svo að þar safnist aldrei fyrir saur,

þvag, gamalt fóður, moð o. s. frv. Þess skal gætt, að hræfuglar og meindýr komist ekki í byggingar, þar sem sýningardýr eru geymd eða í fóður, sem þeim er ætlað, og að flækingsdýr komist ekki í snertingu við sýningardýr. Umhverfis dýragarð og sýningarsvæði skal vera traust, fjárheld girðing, og vörzlumenn skulu að staðaldri gæta dýranna.

#### 6. gr.

Þeir sem sjá um rekstur dýragarða eða efna til sýninga á dýrum, skulu ráða dýralækni til þess að hafa eftirlit með heilbrigði sýningardýra. Vitja skal dýralæknis strax og dýr veikjast eða lemstrast. Aðstaða skal vera til aðgerða og umönnunar á sjúkum dýrum og sérstakar stíur eða afdrep, þar sem hægt er að geyma nýkomin og sjúk dýr, án þess að þau verði fyrir ónæði af öðrum dýrum eða almenningi. Einu sinni í mánuði að minnsta kosti skal dýralæknir fylgjast með heilbrigði dýranna og sjá um, að varnaraðgerðir gegn sjúkdómum, t. d., bólusetning, lækning af iðraorum o. s. frv., fari fram eins og við á.

Forráðamenn skulu að staðaldri færa dagbók um öll sýningardýr og skulu eftirlitsmenn lögreglustjóra fylgjast með að hún sé rétt færð.

Útbúnaður skal vera til þess að hneppa dýr í fjötra, ef aðgerða er þörf eða ef flytja þarf þau til innan sýningarsvæðis. Sjúk eða lemstruð dýr skal eigi hafa til sýnis.

Sleppi dýr úr vörzlu úr dýragarði, skal það tilkynnt lögreglustjóra án tafar, og allt gert til þess að handsama dýrið á ný en aflífa að öðrum kosti. Gegningamenn skulu jafnan hafa tiltæk skotvopn, sem grípa má til án tafar, ef nauðsyn krefur.

Óheimilt er að selja dýr til lífs innanlands, ef þau hafa dvalið í dýragarði.

Saur og þvag skal fjarlægja á þann veg, að eigi stafi af smithætta eða óþrifnaður.

#### 7. gr.

Lögreglustjóri skal hlutast til um, að eftirlit fari fram reglulega með dýragörðum og dýrasýningum. Eftirlit þetta skal framkvæma að óvörum og til fulltingis og fylgdar skal kveðja embættisdýralækni. Afhenda skal lögreglustjóra skýrslu um slíkar eftirlitsferðir.

#### 8. gr.

Þegar dýragarði er valinn staður, skal þess gætt, að auðvelt sé að koma við fullkomnu frárennsli og skolplögn og að sjó eða vatnslögnum sé hagað á þann veg, að auðvelt sé að koma við nægum þrifnaði og hreinlæti. Þess skal gætt við staðarval dýragarða, að dýrin verði ekki fyrir óþarfa hávaða eða annarri truflun og íbúar í nágrenni dýragarða verði ekki fyrir óþef eða öðrum óþægindum.

#### 9. gr.

Hús og skemmur, þar sem dýr eru geymd, skulu vera björt og loftgóð, þar skal vera góð raflýsing og aðstaða til upphitunar, þar sem hennar er þörf.

Svo skal um búnað, að rottur, mýs eða önnur meindýr komist ekki inn í húsin. Gólf og veggir skulu gerð úr efni, sem auðvelt er að þrifa. Þar sem nauðsyn krefur, skal vera niðurfall, eitt eða fleiri í gólfi og rennandi vatn nærtækt. Þess skal gætt að hafa þaklag gólfs sem líkast kjörlendi viðkomandi dýrs.

#### 10. gr.

Búr og girðingar skulu vera traustar og rúmgóðar og við hæfi þeirra dýra, sem þar á að geyma. Þau skulu þannig gerð, að dýrin geti ekki sloppið út, og svo skal til haga, að dýrin séu varin gegn vindi og regni. Þegar um stór, villt dýr eða hættuleg dýr er að ræða, skal vera hægt að þrifa vistarverur þeirra og færa þau til án áhættu fyrir gegningamenn.

Hentug tæki skulu vera tiltæk til þess að flytja dýr í, ef þörf krefur.

**11. gr.**

Réttir og stíur skulu vera rúmgóðar miðað við dýrategund eða fjölda dýra, sem þar á að geyma að mati dýraverndarnefndar.

Niðurföll skulu vera í stíum og réttum, svo að þar safnist aldrei fyrir pollar og auðvelt sé að þrifa þær. Þar sem nauðsyn krefur, skulu gólf steypt eða malbikuð að hluta eða öllu leyti. Þau dýr, sem ekki geta verið undir berum himni að nóttunni eða vetrinum, skulu hafa greiðan aðgang að hlýjum, þrifalegum húsum, lausum við dragsúg, þar sem þau geta leitað afdreps. Svo skal til haga við útbúnað aðseturs og vistarvera dýranna, að þau séu sem frjálust og þau geti hagað sér sem mest í samræmi við það, sem vani þeirra er í fullu frjálstræði.

**12. gr.**

Þar sem hættuleg dýr eru sýnd, skal svo um búið, að áhorfendur geti með engu móti farið sér að voða við dýrin. Athygli áhorfenda skal með áberandi merkjum beint að hættum, sem af dýrunum kunna að stafa.

Ávallt skal sjá um, að tiltæk séu viðeigandi hjúkrunargögn fyrir starfsfólk og gesti.

**13. gr.**

Komi upp smitsjúkdómur í dýragarði, sem ætla má að valdið geti búsisfjum í búfé, skal þegar gera ráðstafanir til þess að hefta útbreiðslu sjúkdómsins, þ. á m. lóga hinum sjúku dýrum, ef nauðsynlegt er talið að dómi yfirdýralæknis.

**14. gr.**

Þeir sem stjórna daglegum rekstri dýrasýninga eða dýragarða, skulu vera ábyrgir fyrir, að eigi sé brotið gegn reglum þeim, sem hér eru settar, eða reglum um dýravernd. Ef um endurtekið brot er að ræða, varðar það missi réttar til að reka dýragarð, nema þyngri viðurlög liggja við.

**15. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um dýravernd nr. 21/1957 og öðlast þegar gildi, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Um brot á reglum þeim, sem hér eru settar, skal farið eftir ákvæðum 17. gr. ofangreindra laga.

Þeir aðilar, sem þegar reka dýragarð eða stofnað hafa til dýrasýninga, skulu sækja um leyfi til slíks reksturs í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, vilji þeir halda slíkum rekstri áfram.

*Menntamálaráðuneytið, 19. febrúar 1971.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*